

## ENDURRIT ÚR FUNDARGERÐABÓK BÆJARSTJÓRNAR ÁRBORGAR

\*\*\*\*\*

**5. fundur bæjarstjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2014-2018, haldinn miðvikudaginn 12. nóvember 2014 kl. 17:00 í Ráðhúsi Árborgar, Selfossi.**

Neðanskráðir bæjarfulltrúar eru mættir:  
Kjartan Björnsson, D-lista, forseti bæjarstjórnar,  
Ásta Stefánsdóttir, D-lista, framkvæmdastjóri,  
Gunnar Egilsson, D-lista,  
Sandra Dís Hafþórsdóttir, D-lista,  
Ari Björn Thorarensen, D-lista,  
Helgi Sigurður Haraldsson, B-lista,  
Eggert Valur Guðmundsson, S-lista,  
Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista,  
Viðar Helgason, Æ-lista

Auk þess situr fundinn Rósa Sif Jónsdóttir sem ritar fundargerð.

Forseti bæjarstjórnar setti fundinn og leitaði afbrigða að taka sérstaklega á dagskrá lið 2 í 5. fundargerð framkvæmda- og veitustjórnar frá 29. Október, gjaldskrá Selfossveitna. Var það borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

### Dagskrá:

#### I. Fundargerðir til staðfestingar

1. a) **1406099**  
Fundargerð fræðslunefndar 3. fundur frá 7. október  
<http://www.arborg.is/3-fundur-fraedslunefndar-3/>
- b) **12. fundur bæjarráðs ( 1407137 )** frá 15. október  
<http://www.arborg.is/12-fundur-baejarrads-arborgar/>
2. a) **13. fundur bæjarráðs ( 1407137 )** frá 30. október  
<http://www.arborg.is/13-fundur-baejarrads/>
3. a) **1406098**  
Fundargerð framkvæmda- og veitusviðs 5. fundur frá 29. október  
<http://www.arborg.is/5-fundur-framkvaemda-og-veitustjornar-2/>

**b) 1406101**

Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar 4. fundur frá 5. nóvember

<http://www.arborg.is/4-fundur-skipulags-og-byggingarnefndar-2/>

**c) 14. fundur bæjarráðs ( 1407137 )**

**frá 6. nóvember**

<http://www.arborg.is/14-fundur-baejarrads-2/>

**Úr fundargerð skipulags- og byggingarnefndar samanber 14. fund bæjarráðs til afgreiðslu:**

- liður 17, málsnr. 1310056 - Tillaga að deiliskipulagsbreytingu að Byggðarhorni. Lagt er til við bærstjórn að tillagan verði samþykkt.
- liður 18, málsnr. 1405411 – Tillaga að deiliskipulagi að Austurvegi 51-59, Selfossi. Lagt er til við bærstjórn að tillagan verði kynnt á almennum fundi.
- liður 20, málsnr. 1209098 – Fjörustígur – göngu- og hjólastígur milli Eyrarbakka og Stokkseyrar. Lagt er til við bærstjórn að tillagan verði send Skipulagsstofnun til athugunar í samræmi við 3 mgr. 30. gr. skipulagslaga.
- liður 2 a) Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 30. október, lið 2, málsnr. 1410087 – Erindi foreldra barna í 1. bekk Sunnulækjarskóla vegna vandkvæði við að koma börnum á íþróttæfingar.

Sandra Dís Hafþórsdóttir, D-lista, tók til máls.

- liður 3 a) Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, tók til máls um fundargerð framkvæmda- og veitustjórnar frá 29. október, lið 4, málsnr. 1305234 – Varmadælur – Óseyri, Sólvangur og önnur jaðarsvæði.

Gunnar Egilsson, D-lista, tók til máls.

- liður 3 a) Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, tók til máls um fundargerð framkvæmda- og veitustjórnar frá 29. október, lið 3, málsnr. 1410169 – Öryggismál við bryggjurnar á Eyrarbakka og Stokkseyri.

Gunnar Egilsson, D-lista, tók til máls.

- liður 3 c) Helgi S. Haraldsson, B-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 6. nóvember, lið 13, málsnr. 1411008 – Staða á vinnumarkaði 2014.
- liður 3 b) Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 5. nóvember - liður 17, málsnr. 1310056 – Tillaga að deiliskipulagsbreytingu að Byggðarhorni. Lagt er til við bærstjórn að tillagan verði samþykkt.

Athugasemdir við tillöguna bárust frá Guðrúnu Thorsteinsson og Símoni Ólafssyni. Framkomnum athugasemdum er hafnað með eftirfarandi rökstuðningi:

Í framkominni athugasemd er vísað til röksemda í bréfi sem sent var vorið 2013 til að mótmæla breytingu á aðalskipulagi Árborgar 2010-2030.

Líklega er átt við athugasemdir sem bárust við breytingu á aðalskipulagi Árborgar, dags. 21. maí 2013.

Þeim athugasemdum var svarað með bókun bæjarráðs þann 1. ágúst 2013. Áður hafði skipulags- og byggingarnefnd á fundi sínum 16. júlí 2013 afgreitt umrædda breytingu.

Í bókun bæjarráðs þann 1. ágúst 2013 var framkomnum athugasemdum við tillögu að breytingum á aðalskipulagi Árborgar hafnað. Um nánari röksemdir og svör við þeim athugasemdum vísast til bókunar bæjarráðs.

Í athugasemdum sínum leggja þau er athugasemdir gera nú sérstaka áherslu á að mótmæla því að lóð 38 verði skilgreind á annan hátt en aðrar lóðir í hverfinu, sem eru við sama veg.

Svar: Sveitarfélagið Árborg telur að breyting á landnotkun á afmarkaðri lóð í jaðri skipulagsreitsins hafi óveruleg áhrif. Lóðir á svæðinu eru mjög stórar og ekki verður séð að bílaumferð aukist þar sem ekki er verið að fjölga lóðum. Á svæðinu hefur verið heimiluð fjölbreytt atvinnustarfsemi tengd landbúnaði. Heimilt er að vera með bændagistingu, dýrahald og ræktun. Starfrækja má tamningar og reiðskóla. Leigja má út gróðurreiti fyrir matjurta- eða skólagarða og stunda fræðslustarfsemi og námskeiðahald. Einnig er heimil starfsemi sem talist getur eðlileg þjónusta við íbúa viðkomandi hverfis s.s. verslun, hreinleg athafnastarfsemi án hávaða og lyktarmengunar og handiðnaður.

Á umferðarþol svæðisins hefur lítið sem ekkert reynt miðað við framangreindar forsendur enda svæðið enn nær óbyggt.

Ítrekað er að með breytingu þessari er þess freistað að koma skipulagsmálum svæðisins í gott horf og um leið styrkja uppbyggingu atvinnulífs í sveitarfélaginu án þess þó að raska meginforsendum gildandi skipulags.

Sveitarfélagið Árborg vill þakka þann áhuga sem þeir, er gerðu athugasemdir, hafa sýnt skipulagsvinnunni með framangreindum athugasemdum og vonar að með þessu svari hafi verið gefnar fullnægjandi skýringar vegna framkominna athugasemda, ábendinga, tilmæla og mótmæla.

Tillaga að deiliskipulagsbreytingu að Byggðarhorni var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

- liður 3 b) Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 5. nóvember – liður 18, málsnr. 1405411 – Tillaga að deiliskipulagi að Austurvegi 51-59, Selfossi. Lagt er til við bæjarstjórn að tillagan verði kynnt á almennum fundi.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

liður 3 b) Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 5. nóvember – liður 20, málsnr. 1209098 – Fjörustígur – göngu- og hjólastígur milli Eyrarbakka og Stokkseyrar. Lagt er til við bæjarstjórn að tillagna verði send Skipulagsstofnun til athugunar í samræmi við 3. mgr. 30 gr. skipulagslaga.

Ari Björn Thorarensen, D-lista, og Eggert Valur Guðmundsson, S-lista tóku til máls.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fundargerðirnar voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða að undanskildum þeim liðum sem áður höfðu verið samþykktir.

## **II. 1411024 Breyting á fulltrúum D-lista í nefndum**

Lagt er til að Jóna Sigurbjartsdóttir taki sæti sem varamaður á aðalfundi SASS og aðalfundi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands í stað Sigríðar J. Guðmundsdóttur.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

## **III. 1411043 Tillaga frá bæjarfulltrúum S-lista – Starfshópur um umhverfismál**

Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, fylgdi úr hlaði tillögu frá bæjarfulltrúum S-lista um að stofna starfshóp um umhverfismál.

Undirrituð leggja til að settur verði á laggirnar starfshópur sem hefði þrjúþétt hlutverk í umhverfismálum í sveitarfélaginu:

1. Móta tillögur að áætlun um hvernig unnið verði að því að draga úr notkun innkaupapoka úr plasti í sveitarfélaginu í samræmi við tillögu sem samþykkt var á 2.fundi bæjarstjórnar þann 20. ágúst sl. Nauðsynlegt er að gera markvissa áætlun varðandi þetta til þess að ýta verkefninu úr vör. Æskilegt væri að áætlun lægi fyrir eigi síðar en 1. mars nk.
2. Móta tillögur og áætlun um hvernig nýta megi það fjármagn sem sveitarfélagið fær frá Sorpstöð Suðurlands til kynningar á flokkun sorps með það að markmiði að auka þátttöku íbúa í sorpflokkun og meðvitund um mikilvægi þess. Æskilegt er að tillögur liggja fyrir eigi síðar en 1. apríl nk.
3. Móta tillögur að stefnu sveitarfélagsins í sorphirðu og hvernig sorphirðu eigi að vera háttað þegar samningur um sorphirðu rennur út í vor. Tillögur að stefnu í sorphirðu þurfa að liggja fyrir þann 1. maí nk.

## **Greinargerð:**

Sífelld meiri umræða á sér stað meðal almennings um mikilvægi þess að auka endurvinnslu og draga úr urðun sorps. Íbúar kalla í auknum mæli eftir því að Sveitarfélagið Árborg auðveldi þeim sem þegar eru duglegir að flokka að losa sig við flokkað sorp. Sveitarfélagið Árborg þarf að gera stóráttak í því að bjóða íbúum upp á meiri flokkun við heimili í sveitarfélaginu ásamt því að bjóða upp á að íbúar geti komið með flokkað sorp og losað það á gámastöðinni að Víkurheiði.

Í vor rennur út samningur við Íslenska gámfélagið um sorphirðu. Það er því mikilvægt að byrja strax að móta stefnu í sorphirðu fyrir sveitarfélagið og skoða með hvaða hætti menn sjá fyrir sér að sorphirðan verði og hvað eigi að bjóða út í vor.

Arna Ír Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi, S-lista  
Eggert Valur Guðmundsson, bæjarfulltrúi, S-lista

Helgi S. Haraldsson, B-lista, Ásta Stefánsdóttir, D-lista, Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, Viðar Helgason, Æ-lista, Ari Björn Thorarensen, D-lista, Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, Gunnar Egilsson, D-lista og Kjartan Björnsson, forseti bæjarstjórnar, tóku til máls.

Gert var fundarhlé.

Ásta Stefánsdóttir, D-lista, tók til máls og lagði til að bætt verði við tillöguna að bæjarráð skipi í starfshópinn og ákveði fjöldann.

Tillagan ásamt viðbót við tillöguna var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

## **IV. 1411017 Ályktun vegna verkfalls Félags tónlistarkennara**

Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tók til máls og lagði fram eftirfarandi ályktun.

Bæjarstjórn Svf. Árborgar lýsir yfir áhyggjum af stöðu samningaviðræðna við tónlistarkennara og áhrifum þess á tónlistarnám í sveitarfélaginu. Bæjarstjórn hefur miklar áhyggjur af því að nemendur fari á mis við það stöðuga aðhald og leiðsögn sem sérfræðingar í tónlistarkennslu geta einir veitt. Það er einnig ófyrirséð hver áhrif langvarandi verkfalls geta orðið en mikil hætta er á að nemendur gefist upp á náminu og brottfall verði umtalsvert. Bæjarstjórn hvetur samningsaðila til að ræða saman og leita leiða til að ná samningum sem allra fyrst svo núverandi verkfall valdi sem minnstum skaða fyrir nemendur og hið góða starf sem unnið er í Tónlistarskóla Árnesinga og Tónsmiðju Suðurlands.

Arna Ír Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi, S-lista  
Eggert Valur Guðmundsson, bæjarfulltrúi, S-lista

Sandra Dís Hafþórsdóttir, D-lista, Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista og Kjartan Björnsson, forseti bæjarstjórnar, tóku til máls.

Ályktunin var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

## V. 1409093

### Fjárhagsáætlun 2015 og 3ja ára áætlun – fyrri umræða

Ásta Stefánsdóttir tók til máls og gerði grein fyrir viðauka við fjárhagsáætlun og lagði til við bæjarstjórn að hann yrði samþykktur.

Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, fylgdi greinargerð um fjárhagsáætlun 2015 úr hlaði.

### **Greinargerð með fjárhagsáætlun fyrir árið 2015**

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árið 2015 er lögð fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn miðvikudaginn 12. nóvember 2014. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal fjalla um fjárhagsáætlun á tveimur fundum í sveitarstjórn og verður seinni umræðan í bæjarstjórn 10. desember næstkomandi.

Fjárhagsáætlun kann að taka einhverjum breytingum á milli umræðna og má hér geta þess að þjóðhagsspá Hagstofu Íslands fyrir komandi ár liggur ekki fyrir fyrr en 14.nóvember næstkomandi og áætlun sú sem hér liggur fyrir er byggð á þjóðhagsspá sem gefin var út í júlí síðastliðnum.

Grunnur fjárhagsáætlunar 2015-2018 byggir á útkomuspá fyrir árið 2014.

Almenna reglan er að tölulegur hluti fjárhagsáætlunar ræður ef misræmi kann að vera á milli texta í greinargerð og tölulega hlutans.

## **I Inngangur**

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 gerir ráð fyrir að rekstur verði í jafnvægi og að rekstrarafgangur verði 13 millj.kr. eftir fjármagnsgjöld, afskriftir og skatta. Er því um að ræða fimmta árið í röð sem gert er ráð fyrir jákvæðri afkomu. Rekstrarútgjöld hækka umtalsvert milli ára og gætir þar verulegra áhrifa af kjarasamningsbundnum launahækkunum sem falla til á síðari hluta ársins 2014 og á árinu 2015. Sem dæmi má nefna hækka rekstrargjöld vegna fræðslu- og uppeldismála um 330 millj.kr frá áætlun 2014, með viðauka, til fjárhagsáætlunar 2015. Rekstrarafgangur fyrir fjármagnsgjöld og skatta er áætlaður 407,5 millj.kr. og að veltufé frá rekstri verði 680 millj.kr.

Breytingar í rekstri málaflokka frá þriggja ára áætlun eru ekki miklar, ef undan eru skildar þær launahækkningar sem að framan er getið. Fjárfestingar eru áætlaðar meiri en verið hafa síðustu ár, að árinu 2014 undanskildu, en áætlun gerir ráð fyrir fjárfestingu árið 2015 fyrir 798 millj.kr. Stór fjárfestingarverkefni eru mun meira áberandi en síðustu

ár, þ.e. viðbygging við Sundhöll Selfoss og Sunnulækjarskóla og framkvæmdir við hreinsistöð fráveitu. Eru verkefni því heldur færri en verið hafa síðustu ár, en að sama skapi er hvert og eitt þessara stærri verkefna fjárfrekara. Þrátt fyrir að þessi stóru verkefni taki til sín stærstan hluta þess fjármagns sem ætlað er til framkvæmda á næsta ári verður ýmsum smærri verkefnum sinnt, s.s. varðandi göngustíga, viðhald gangstétta, vatnsöflun o.fl.

Skuldir sveitarfélagsins eru enn miklar. Gert er ráð fyrir að greidd verði niður lán að fjárhæð 726 millj.kr. en tekin ný lán að fjárhæð 995,5 millj.kr. Þá er gert ráð fyrir að nýfjárfesting verði fyrir 798 millj.kr. Áætlað er að skuldahlutfall verði áfram undir viðmiðum Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga. Gjaldskrár hækka sem nemur verðbólguþá, en gjaldskrár fyrir þjónustu sem varðar börn voru ekki hækkaðar milli áráanna 2013 og 2014 og hafa gjöld skv. þeim gjaldskrár því ekki fylgt verðlagsbreytingum. Álagningarhlutfall fasteignaskatts fer úr 0,275% í 0,3% af fasteignamati íbúðarhúsnæðis, eða í sama hlutfall og var árið 2013. Þrátt fyrir þessa breytingu, sem gert er ráð fyrir að verði tímabundin, er Sveitarfélagið Árborg vel samkeppnishæft hvað varðar fasteignaskatt af íbúðarhúsnæði.

Ýmsir óvissuþættir eru uppi hvað varðar tekjur og gjöld sveitarfélagsins á árinu 2015, sem dæmi má nefna að kjarasamningar flestra stéttarféлага sem semja við sveitarfélögin eru lausir á næsta ári. Þegar þetta er ritað liggur ekki fyrir afgreiðsla Alþingis á lagafrumvarpi um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarféлага varðandi álagningarstofn fasteignaskatts af atvinnuhúsnæði.

Í tengslum við opnun endurbættrar aðstöðu í Sundhöll Selfoss næsta sumar verða gefin út sérstök íbúakort fyrir börn og unglínga og eldri borgara með lögheimili í sveitarfélaginu sem veitir þeim ókeypis aðgang í sund, líkt og verið hefur, en á sama tíma mun hefjast gjaldtaka af gestum í þessum aldurshópum sem ekki hafa lögheimili í sveitarfélaginu. Í viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2014, sem samþykktur var í haust, voru almenningsamgöngur innan sveitarfélagsins eflaðar. Áfram verður haldið að keyra eftir þeirri áætlun sem þá var samþykkt með talsverðri fjölgun ferða og áfram verður frítt fyrir börn og unglínga í strætó innan Árborgar. Atvinnuátaksverkefni fyrir ungmenni, 17-20 ára, hafa gefist vel og verður haldið áfram með slík verkefni sumarið 2015.

## **II Forsendur fjárhagsáætlunar 2015**

Eftirfarandi forsendur liggja til grundvallar fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 :

1. Útsvar :  
Útsvarsprósenta fyrir árið 2015 verði 14,52 %

2. Verðlag :  
Verðbólga 3,4%
3. Aðrar forsendur :  
Íbúafjöldi : Gert er ráð fyrir fjölgun íbúa sem nemur 1% á ári.
4. Fasteignagjöld :  
Fasteignagjöld fyrir árið 2015 verði lögð á sem hér segir :
  - a. Fasteignaskattur
    - i. A - flokkur Fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis eins og það er skilgreintar í 3.gr. í lögum nr. 4/1995 verður 0,3% af heildar fasteignamati.
    - ii. B – flokkur Fasteignaskattur af opinberum byggingum eins og þær eru skilgreindar í 3.gr. í lögum nr. 4/1995 verður 1,32% af heildar fasteignamati.
    - iii. C – flokkur Fasteignaskattur atvinnuhúsnæðis og af öðrum eignum eins og þær eru skilgreindar í 3.gr. í lögum nr. 4/1995 verður 1,65% af heildarfasteignamati.

Sérstakur afsláttur er veittur af fasteignaskatti samkvæmt reglum um afslátt til elli- og örorkulífeyrisþega, sjá lið 5 hér að neðan.

- b. Lóðarleiga
  - i. Almenn lóðarleiga verði 1,0% af fasteignamati lóðar.
  - ii. Lóðarleiga ræktunarlands verði 3,0% af fasteignamati lóðar.
- c. Vatnsgjald
  - i. Vatnsgjald á íbúðarhúsnæði verði 0,1961% af heildarfasteignamati eignar.
  - ii. Aukavatnsskattur verði lagður á atvinnuhúsnæði samkvæmt mæli og leggst á m<sup>3</sup> notkun. Grunnur gjaldsins er 17,8 kr. á m<sup>3</sup> miðað við grunnvísitölu septembermánaðar 2007. Gjaldið uppreiknast á hverjum gjalddaga.
- d. Fráveitugjald
  - i. Fráveitugjald er 0,3172% af heildarfasteignamati eignar.
  - ii. Gjald fyrir hreinsun rotþróa verður skv. gildandi gjaldskrá.
- e. Sorphirðugjald
  - i. Íbúðarhúsnæði



Á grundvelli laga nr. 7/1998 er sorphirðugjald lagt á hverja íbúð.  
Sorphirðugjald fyrir íbúðir skal vera sem hér greinir :

	120 lítra tunna	240 lítra tunna
Gjaldtegund :		
Sorphreinsunargjald (kr/ár)	16.445	16.445
Sorpeyðingargjald (kr/ár)	11.655	18.835
Samtals (kr/ár)	28.100	35.280

ii. Sumarhús

Heimilt er að veita 50% afslátt frá sorphirðugjaldi íbúðarhúsnæðis.


Gjalddagar fasteignagjalda verði 10 talsins, þeir eru: 1.febrúar, 1.mars, 1.apríl, 1.maí, 1.júní, 1.júlí, 1.ágúst, 1.september, 1.október og 1.nóvember. Eindagi er 30 dögum síðar.

5. Afslættir

- a. Sérstakur afsláttur fyrir elli- og örorkulífeyrisþega verður veittur við álagningu fasteignaskatts og fráveitugjalds á íbúðarhúsnæði skv. reglum þar um.
- b. Veittir verði afslættir til félaga sem starfa að menningar-, íþrótt-, æskulýðs- og tómstundarstarfsemi eða vinna að mannúðarstörfum og reka eigið húsnæði eða leigja til lengri tíma en eins árs fyrir starfsemina skv. reglum þar um.

### **III Rekstur málaflokka og helstu fjárhagslegar breytingar einstakra málaflokka milli áráanna 2014 og 2015**

Á myndinni hér að neðan má sjá hlutfall málaflokka af skatttekjum árið 2015 :



Fræðslu- og uppeldismál eru sem fyrr langstærsti málaflokkurinn en útgjöld fræðslumála nema 58,8% af skatttekjum ársins 2015. Félagsþjónustan er með 16,61%, æskulýðs- og íþróttamál eru með 11,64% og umferðar- og samgöngumál eru með 5%. Sameiginlegur kostnaður nemur 3,54% af skatttekjum en undir þennan málaflokk falla nefndir og ráð, rekstur bæjarskrifstofu og tölvu- og upplýsingamál fyrir allar stofnanir.

## 00 Skatttekjur

Gert er ráð fyrir að skatttekjur á árinu 2015 verði 339 millj.kr. hærri en á árinu 2014. Áætlun útsvarstekna er byggð á útkomuspá ársins 2014, tekið er tillit til almennra launabreytinga og gert er ráð fyrir 1% íbúaaukningu. Útsvar hækkar því um 240 millj.kr. milli ára.

Stofn til útreiknings fasteignagjalda sem innheimt eru á árinu 2015 miðast við fasteignamat eigna sem birt var í sumarbyrjun 2014. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki, á íbúðarhúsnæði, hækkar úr 0,275% í 0,3% en aðrir flokkar eru óbreyttir. Fasteignaskattar hækka um 64,6 millj.kr. Lóðarleiga hækkar um 275 þús.kr milli ára.

Áætlað er að framlög frá Jöfnunarsjóði hækki um 33,8 millj.kr. frá útkomuspá 2014. Rekstrarframlag grunnskóla hækkar um 22,2 millj.kr. Framlag vegna lækkunar fasteignaskatts lækkar um 14,7 millj.kr. Tekjujöfnunarframlag stendur í stað frá

útkomuspá. Framlag vegna yfirtöku á málefnum fatlaðs fólks hækkar um 27,4 millj.kr. Önnur framlög breytast lítið milli ára.

## **02 Félagsþjónusta**

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 37,9 millj.kr. milli ára. Framlag vegna fjárhagsaðstoðar lækkar um 10 millj.kr. milli ára. Framlag til félagslegrar heimaþjónustu hækkar um 9 millj.kr. milli ára og skýrist af nýráðningu starfsmanns í 50% starf og einnig vegna kjarasamningshækkana. Framlag vegna húsaleigubóta lækkar um 3,7 millj.kr. milli ára. Framlag til barnaverndar hækkar um 7 millj.kr. sem skýrist af auknum kostnaði vegna vistunar barna, viðbótarstarfshlutfalli í 40% tilsjón ásamt kjarasamningshækkunum. Aðrar deildir í málaflokknum ýmist lækka lítillega eða hækka milli ára og má í öllum tilfellum rekja hækkunina til kjarasamningshækkana.

## **04 Fræðslu- og uppeldismál**

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 244,1 millj.kr. milli ára. Vöru- og þjónustukaup aukast um 4,3 millj.kr. milli ára. Framlög til allra leikskólanna hækka á milli ára en mismikið þó og má rekja það til kjarasamningshækkunum ásamt aukningu á stöðugildum í einstaka leikskólum. Framlög til grunnskólanna þriggja hækka einnig á milli ára en mismikið og skýrist það að mestu af kjarasamningshækkana. Mest er hækkunin til Sunnulækjarskóla en þar er áætlað að nemendum fjölgi á næsta ári. Kostnaður við dvöl leikskólabarna úr Árborg í öðrum sveitarfélögum hækkar um 4,6 millj.kr. Kostnaður vegna niðurgreiðslu til dagmæðra lækkar um 4,4 millj.kr. Kostnaður vegna grunnskólagöngu barna í öðrum sveitarfélögum hækkar um 5,3 millj.kr.

## **05 Menningarmál**

Fjárheimildir til málaflokksins lækka um 2,3 millj.kr. milli ára. Framlag til safna eykst í heild um 2,4 millj.kr. Framlag til hátíðarhalda lækkar um 2,2 millj.kr. og ýmsir styrkir og framlög lækka einnig um 2,2 millj.kr. Aðrir liðir ýmist hækka eða lækka milli ára.

## **06 Æskulýðs- og íþróttamál**

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 39 millj.kr. milli ára. Framlag til félagsmiðstöðva eykst um 4,1 millj.kr. sem má að hluta rekja til kjarasamningshækkana. Framlag til Sundhallar Selfoss eykst um 8,7 millj.kr., launakostnaður eykst um 13,2 millj.kr. sem má rekja til aukningar á stöðugildum um 2,5 og til kjarasamningshækkana, rekstrarkostnaður eykst um 6,3 millj.kr. en tekjur aukast um 10,8 millj.kr. Styrkir til æskulýðs- og íþróttamála aukast um 29,5 millj.kr. í formi reiknaðra afnota í sundlaugum og íþróttahúsum sem rekja má til aukins launakostnaðar og hækkunar á innri leigu. Aðrir liðir standa í stað eða hækka lítillega á milli ára.

## **07 Bruna- og almannavarnir**

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 6 millj.kr. milli ára sem rekja má til hækkunar á framlagi til Brunavarna Árnassýslu.

## **08 Hreinlætismál**

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 4,6 millj.kr. milli ára. Laun og launatengd gjöld aukast um 2,5 millj.kr. sem má rekja til hækkunar á kjarasamningum. Kostnaður vegna sorphreinsunar og gámastöðvar eykst um 2,5 millj.kr.

## **09 Skipulags- og byggingarmál**

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 45,8 millj.kr. milli ára. Framlög vegna deiliskipulags eykst um 4,5 millj. á milli ára. Framlög vegna lóða og lendna hækka um 32,8 millj. kr. Hækkunina má að mestu rekja til aukningar á innri leigu vegna eigin lóða og lendna.

## **10 Umferðar- og samgöngumál**

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 31,3 millj.kr. milli ára. Gatnakerfi hækkar um 21,4 millj.kr., viðhald og rekstur gatnakerfis hækkar um 4,8 millj.kr. Gert er ráð fyrir aukningu í snjómokstri um 1,8 millj.kr. og götulýsing hækkar um 2 millj.kr. Aðrir liðir breytast lítillega milli ára.

## **11 Umhverfismál**

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 1,8 millj.kr. milli ára. Sameiginlegir liðir lækka um 4,1 millj.kr. á milli ára sem skýrist af lækkun á launakostnaði. Framlög vegna opinna svæða aukast um 5,2 millj.kr. á milli ára.

## **13 Atvinnumál**

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 4,6 millj.kr. milli ára. Framlag til Upplýsingamiðstöðvar ferðamála hækkar um 4,3 millj.kr. og innri leiga vegna tjaldsvæða hækkar um 1 millj.kr.

## **21 Sameiginlegur kostnaður**

Fjárheimildir til málaflokksins lækka um 22,2 millj.kr. milli ára. Lækkunina má rekja til þess að á árinu 2014 var kostnaður vegna sveitarstjórnarkosninga upp á 5 millj.kr. í áætlun. 2014 var einnig farið í uppfærslu á bókhaldskerfi sveitarfélagsins, Navision, og einnig uppfærslu á símsstöð og lækka þjónustukaup sem því nemur árið 2015. Laun í

málaflokknum hækka á milli ára og má rekja það til kjarasamningshækkana á árinu. Aðrar deildir ýmist hækka eða lækka lítillega milli ára.

#### **IV Nokkrar lykiltölur**

##### **Rekstur :**

Fjárhagsáætlun sem nú liggur fyrir til fyrri umræðu gerir ráð fyrir að rekstrarniðurstaða samstæðunnar án afskrifta og fjármagnsliða sé jákvæð um 834,7 millj.kr. Afskriftir eru áætlaðar 427,2 millj.kr., fjármagnskostnaður nettó er áætlaður 387,7 millj.kr. Tekjuskattur vegna Selfossveitna reiknast 6,7 millj.kr. Heildarniðurstaða samstæðunnar er því jákvæð um 13 millj.kr.

Áætlunin gerir ráð fyrir að samanlagðar tekjur A- og B- hluta verði 6.709,7 millj.kr. á árinu 2015. Hluttur skatttekna (útsvar, fasteignagjöld og Jöfnunarsjóður) í samanlögðum tekjum í A- hluta er 5.002 millj.kr. eða 87%

Samkvæmt áætluninni þá verða skatttekjur (útsvar, Jöfnunarsjóður og fasteignaskattur) á íbúa 613 þús.kr. og heildareignir á íbúa verða 1.683 þús.kr.

Veltufé samstæðunnar frá rekstri er áætlað 680,1 millj.kr. Afborganir lána eru áætlaðar 725,9 millj.kr. Heildarlaunakostnaður er áætlaður 3.519 millj.kr. sem er 52,44% af heildartekjum og 70,3% af skatttekjum en sveitarfélagið er stór vinnuveitandi með um 714 starfsmenn í 539 stöðugildum. Annar rekstrarkostnaður er áætlaður um 2.356 millj.kr.

##### **Fjárfestingar :**

Fjárfestingar ársins eru áætlaðar 797,9 millj.kr. Áætlað er að selja rekstrarfjármuni fyrir 20 millj.kr. Afborganir lána eru áætlaðar 725,9 millj.kr. og nýjar lántökur eru áætlaðar 995,5 millj.kr. Í töflunni hér að neðan má sjá skiptingu helstu framkvæmda á málaflokka

<b>Helstu framkvæmdir og fjárfestingar árið 2015</b>	
<b>Eignasjóður:</b>	
Umferðar- og samgöngumál	38.000.000 kr.
Umhverfismál	18.000.000 kr.
<b>Þjónustustöð:</b>	
Tækja- og sláttuvélakaup	13.000.000 kr.
<b>Fasteignafélag Árborgar:</b>	
Sunnulækjarskóli viðbygging	307.900.000 kr.
Sundhöll Selfoss viðbygging	241.300.000 kr.
<b>Fráveita:</b>	73.000.000 kr.
<b>Vatnsveita:</b>	45.000.000 kr.
<b>Selfossveitur:</b>	39.200.000 kr.
<b>Sandvíkursetur:</b>	16.000.000 kr.

## V Lokaorð

Á yfirstandandi ári hefur íbúum í Árborg fjölgað hraðar en síðustu ár og fór íbúafjöldinn yfir 8.000 íbúa markið í október sl. Nokkuð er um framkvæmdir við uppbyggingu íbúðarhúsnæðis og staða á leigumarkaði hefur heldur batnað, einkum eftir að Íbúðalánasjóði tókst að selja mikinn fjölda íbúða í fjöleignarhúsum á Selfossi. Afsláttur af gatnagerðargjöldum er áfram í gildi og hefur afsláttur af lóðum á Eyrarbakka og Stokkseyri verið aukinn sérstaklega, enda eru þar tilbúnar lóðir í eigu sveitarfélagsins og ýmsir innviðir, svo sem leikskólar og grunnskóli, sem geta auðveldlega mætt íbúafjölgun. Atvinnuleysi í Árborg mældist í september 2,5% á meðan atvinnuleysi á landsvísi er 4,1%. Framboð þjónustu eykst í sveitarfélaginu ár frá ári, bæði þjónustu sem er miðuð að íbúum og ferðamönnum. Þær fjárfestingar sem sveitarfélagið stendur í og er að undirbúa gera Sveitarfélagið Árborg að góðum búsetukosti, auk þess sem óvída á landinu er hægt að velja um jafnfjölbreytta búsetukosti og hér, en valið stendur á milli þess að búa í þorpi, bæ, búgarðabyggð eða sveit. Efling almenningsgangna er hugsuð til þess að sem flestir geti notið þeirrar þjónustu sem í boði er, óháð búsetu. Allt þetta stuðlar að eflingu sveitarfélagsins með frekari fjölgun íbúa.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 hefur verið unnin í góðri samvinnu bæjarfulltrúa og stjórnenda og fengið umfjöllun í flestum fagnefndum sveitarfélagsins. Grunnur að fjárfestingaráætlun var unnin af framkvæmda- og veitustjórn. Ber að þakka það óeigingjarna starf sem hér hefur verið unnið.

Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, fylgdi greinargerð um fjárhagsáætlun fyrir árin 2016 – 2018 úr hlaði.

### **Greinargerð með 3ja ára fjárhagsáætlun fyrir árin 2016- 2018**

Hér er lögð fram í bæjarstjórn Árborgar þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árin 2016 – 2018.

Þriggja ára áætlun er ekki staðfest fjárhagsáætlun fyrir árin 2016-2018 heldur yfirlit yfir það sem er á dagskrá þessi ár. Við fjárhagsáætlunargerð hvers árs fer fram nánari útfærsla á þriggja ára áætlun miðað við þær forsendur sem þá liggja fyrir og því geta fjárhæðir og framkvæmdahraði vegna einstakra verkefna breyst frá því sem fram kemur í þriggja ára áætlun hverju sinni.

Samkvæmt lögum fer þriggja ára áætlun í tvær umræður í bæjarstjórn. Áætlunin sem nú liggur fyrir getur því tekið breytingum milli umræðna en seinni umræða er áætluð þann 10. desember næstkomandi.

Almenna reglan er að tölulegur hluti fjárhagsáætlunar ræður ef misræmi kann að vera á milli texta í greinargerð og tölulega hlutans.

#### **Stefnumörkun**

Til grundvallar þeirri þriggja ára áætlun sem hér er lögð fram liggur fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 en jafnframt er byggt á þriggja ára áætlun 2015-2017. Ekki er gert ráð fyrir breytingum í rekstri málaflokka. Fjárfestingar eru umtalsverðar og fjölbreytt verkefni sem falla þar undir. Áhersla er á að byggja upp innviði samfélagsins og að grunnkerfi þau sem sveitarfélagið rekur, s.s. gatnakerfi og veitur, geti annað því álagi sem á þeim er. Uppbygging og viðhald mannvirkja skiptir miklu máli varðandi þjónustu við íbúa og gerir áætlunin t.d. ráð fyrir nauðsynlegum framkvæmdum við uppbyggingu grunnskóla. Miklu skiptir að fara varlega við fjárfestingar og ljóst að forgangsraða þarf verkefnum, enda mikilvægt að hlutfall skulda af tekjum sveitarfélagsins fari ekki yfir þau viðmið sem sveitarfélögum eru sett. Þróun verðbólgu ræður miklu hvað þetta varðar en um þessar mundir mælist hún lægri en verið hefur um langa hríð. Ýmsir óvissuþættir gera það að verkum að ekki er auðvelt að áætla hvernig verðlag muni þróast.

## **Helstu forsendur áætlunar 2016 – 2018**

Til að unnt sé að setja fram áætlunina hafa ákveðnar forsendur verið lagðar til grundvallar. Þriggja ára áætlun er byggð á áætlun ársins 2015 og er á föstu verðlagi og föstu gengi.

Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri allra málaflokka næstu 3 árin.

### Íbúabróun

Í áætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2015 er gert ráð fyrir fjölgun íbúa sem nemur 1% á ári og í þriggja ára áætlun er gert slíkt hið sama.

### Skatttekjur

Áætlað er að skatttekjur hækki um 2% á ári næstu þrjú árin. Áætluð hækkun tekur mið af opinberum spám um hækkun útsvars vegna aukinna atvinnutekna í kjölfar jákvæðs hagvaxtar, fjölgunar íbúa og minnkandi atvinnuleysis.

### Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Gert er ráð fyrir hækkun á framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem nemur 1% á ári næstu þrjú árin.

### Fasteignaskattur

Gert er ráð fyrir óbreyttum tekjum af fasteignaskatti frá árinu 2015 árin 2016 – 2018.

### Þjónustutekjur

Ekki er gert ráð fyrir hækkun á gjaldskrár vegna þjónustu sveitarfélagsins í áætluninni.

### Laun

Áætlun launa og launatengdra gjalda er byggð á launaáætlun ársins 2015.

### Rekstrarkostnaður

Áætlun rekstrarkostnaðar er byggð á áætlun ársins 2015.

## **Helstu niðurstöður áætlunar 2015 - 2018**



Samantekinn A og B hluti				Fjárhæðir í þús. kr.
	Áætlun 2015	Áætlun 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018
<b>Rekstrarreikningur</b>				
<b>Tekjur</b>	6.709.708	6.791.922	6.881.842	6.962.237
<b>Gjöld</b>	- 6.302.175	- 6.327.359	- 6.347.338	- 6.339.820
<b>Fjármagnsliðir</b>	- 387.712	- 417.831	- 399.170	- 384.348
<b>Tekjuskattur</b>	- 6.785	-	-	-
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	13.036	46.732	135.334	238.069
<b>Efnahagsreikningur</b>				
<b>Eignir</b>	13.732.816	13.838.470	13.927.132	13.953.890
<b>Eigið fé</b>	3.889.391	3.806.676	3.812.562	3.921.185
<b>Skuldir</b>	9.843.425	10.031.794	10.114.570	10.032.705
<b>Sjóðsstreymi</b>				
<b>Veltufé frá rekstri</b>	680.120	742.029	822.271	900.752
<b>Fjárfestingar</b>	- 797.900	- 544.100	- 597.700	- 503.500
<b>Ný langtímalán</b>	995.500	790.000	740.000	705.000

Eins og sjá má í töflunni hér að ofan er gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaða samstæðunnar verði jákvæð öll árin. Veltufé frá rekstri er jákvætt og hækkar jafnt og þétt á tímabilinu.

#### Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir eru reiknaðir miðað við þau vaxtakjör sem sveitarfélagið býr við. Eins og fyrr segir er áætlunin gerð á föstu verðlagi með þeirri undantekningu þó að við útreikning á fjármagnskostnaði er gert ráð fyrir hækkun vísitölu um 3,2% árið 2016, 2,8% árið 2017 og 2,6% árið 2018 sem er skv. Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem gefin var út í júlí.

#### Fjárfestingar

Gert er ráð fyrir fjárfestingum fyrir 544,1 millj.kr. árið 2016, 597,7 millj.kr. árið 2017 og 503,5 millj.kr. árið 2018.

#### Lántökur

Ný langtímalán á árunum 2016 -2018 eru áætluð 2.235 millj.kr. en niðurgreiðslur eldri lána eru áætlaðar á sama tímabili 2.685 millj.kr.

#### **Lokaorð**

Framundan eru verulegar fjárfestingar í grunnkerfum sveitarfélagsins og nauðsynlegum mannvirkjum fyrir ýmsa grunnþjónustu sem sveitarfélagið veitir. Í fjárfestingarhluta þriggja ára ætlunar er leitast við að forgangsraða verkefnum og dreifa þeim með það að markmiði að halda skuldsetningu sveitarfélagsins innan þeirra marka sem áskilin eru. Sá hluti áætlunarinnar sem snýr að rekstri byggir á því að ekki verði miklar breytingar á rekstri málaflokka milli ára. Nánari útfærsla áætlunar fyrir hvert ár fyrir sig er unnin í

fjárhagsáætlun hverju sinni. Forsendur á borð við verðlagsþróun, þróun tekna og útgjalda geta því haft áhrif á áætlun hvers árs fyrir sig.

Af hálfu Sveitarfélagsins Árborgar eru íbúum og starfsmönnum færðar þakkir fyrir gott samstarf við að bæta stöðu sveitarfélagsins til framtíðar.

Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, og Helgi S. Haraldsson, B-lista, tóku til máls.

Lagt var til að viðauki við fjárhagsáætlun yrði samþykktur. Var það samþykkt samhljóða.

Lagt var til að fjárhagsáætlun 2015 yrði vísað til síðari umræðu. Var það samþykkt samhljóða.

Lagt var til að 3ja ára fjárhagáætlun 2016- 2018 yrði vísað til síðari umræðu. Var það samþykkt samhljóða.

## **VI. 1410168 Gjaldskrá Selfossveitna 2015**

Lagt var til að gjaldskránni yrði vísað til síðari umræðu. Var það samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert. Fundargerðin lesin upp og fundi slitið kl. 18:45

\_\_\_\_\_  
Ásta Stefánsdóttir

\_\_\_\_\_  
Sandra Dís Hafþórsdóttir

\_\_\_\_\_  
Ari Björn Thorarensen

\_\_\_\_\_  
Gunnar Egilsson

\_\_\_\_\_  
Kjartan Björnsson

\_\_\_\_\_  
Helgi Sigurður Haraldsson

\_\_\_\_\_  
Eggert Valur Guðmundsson

\_\_\_\_\_  
Arna Ír Gunnarsdóttir

\_\_\_\_\_  
Viðar Helgason

\_\_\_\_\_  
Rósa Sif Jónsdóttir, ritari